

Fundur með stjórn hestamannafélagsins Glæsi haldinn 4 janúar 2022 kl. 13:00 í Ráðhúsi Fjallabyggðar.

Mættir f.h. Fjallabyggðar:

Elías Pétursson, bæjarstjóri og Ármann Viðar Sigurðsson, deildarstjóri tæknideildar

Mættir f.h. hestamannafélagsins:

Haraldur Marteinson, Elín Kjartansdóttir, Unnar Már Pétursson stjórnarnenn og Magnús Stefán Jónasson og Hreinn Júlíusson almennir félagsmenn.

Fundargerð ritaði Ármann Viðar Sigurðsson

Bæjarstjóri bauð fundarmenn velkomna og fór yfir minnisblað sem samið var í kjölfar fyrri fundar aðila, efni minnisblaðsins er samantekt sveitarfélagsins á efndum samnings aðila frá 23. september 2013. Samnings sem gerður var í kjölfar innköllunar á landi sem nýtt var undir golfvöll í Hólsdal, innköllun var á miðju ári 2012.

Fram kom í yfirferð bæjarstjóra að einhver vanhöld væru á efndum og að sveitarfélagið muni bregðast við því svo fljót sem verða mætti enda væri það klár vilji sveitarfélagsins að standa við samninginn. Einnig kom fram að tafir hefðu orðið á ýmsum þáttum efnda, t.d. vegna seinkunar framkvæmda við golfvöll og annarra ástæðna.

Eftirfarandi eru punktar úr framlögðu minnisblaði, er varða einstakar greinar samningsins, sett hér inn til fyllingar.

- 1. gr. Fjallabyggð uppfyllti þessa grein skv. samning. Svæðið er ennþá afgirt en gert er ráð fyrir að girðingin verði tekin niður og notuð til þess að uppfylla 4 gr.*
- 2. gr. Fjallabyggð uppfyllti þessa grein skv. samning. Fékk staðfestingu frá vallarstjóra golfvallarins í Hólsdal að hestar hefðu verið í hólfinu eftir að það var minnkað og afhent Glæsi til notkunar.*
- 3. gr. Glæsi fékk þetta svæði haustið 2016. Svæðið átti að afhendast ágúst 2015 en þar sem uppbygging nýs golfvallar tafðist þá seinkaði afhendingu á svæðinu. Ekki hefur verið undirritaður samningur um svæðið við Glæsi. Samningur er tilbúin og klár til undirritunar.*
- 4. gr. Þessi grein hefur ekki verið uppfyllt. Svæðið sem Glæsi fékk skv. 1. gr. er enn afgirt.*
- 5. gr. Fjallabyggð uppfyllti þessa grein sumarið 2017. Verkinu seinkaði samhliða uppbyggingu á nýjum golfvelli.*
- 6. gr. Þessi grein hefur ekki verið uppfyllt, þ.e. eftir er að lagfæra veginn og stæði hjá beitarrhólfinu.*
- 7. gr. Fjallabyggð uppfyllti þessa grein skv. samning.*
- 8. gr. Fjallabyggð uppfyllti þessa grein skv. samning.*
- 9. gr. Hestamannafélagið hefur ekki uppfyllt þessa grein að því leiti að ekki hefur verið haldið við þeim girðingum sem eru utan um hólfið að vestan verðu í Hólsdal miðið við ástand hennar í dag.*

Í máli hestamanna kom fram að þeir telji sig eiga rétt á bótum samkvæmt 10 grein samnings frá 2013 en þar er kveðið á um að ef tölur verði á framkvæmdum eða afhendingu hólfa samkvæmt gr. 1 til 6. skuli Fjallabyggð greiða hestamannafélaginu bætur eftir samkomulagi. Ef ekki náist samkomulag um bætur skuli Fjallabyggð kalla til dómkvadda matsmenn. Þá kom fram í máli hestamanna að vanefndir sveitarfélagsins væri með þeim hætti að bótaskylda hefði að mati félagsins myndast sem og að fyrri

samningur (ræktunarsamningurinn frá 2009) væri í gildi og bæri að fara eftir honum. Að síðustu kom fram að ekki hefðu verið greiddar bætur vegna mannvirkja á því svæði sem innkallað var, þar var sérstaklega rætt um skeiðvöll og tengdar framkvæmdir sem unnar hefðu verið á innkölluðu svæði.

Bæjarstjóri mótmælti framansögðu og benti á að hann teldi ólíklegt að bótaréttur hefði myndast enda þyrfti ýmislegt að gerast áður en svo yrði, t.d. þyrftu vanefndir að teljast verulegar og hafa valdið fjártjóni. Álit sveitarfélagsins væri að vanefndir væru ekki þess eðlis að tjón hefði hlotist af hvað þá að um bótaskyldu væri að ræða. Eigi að síður stæði vilji bæjarstjóra til þess að ljúka málum með farsælum hætti en það yrði alltaf að gerast innan marka þess sem mögulegt er og sanngjarnt.

Einnig benti bæjarstjóri, í kjölfar umræðna um það atriði, á að ljóst væri af bæjarins hálfu að umræddur samningur frá 2013 hefði leist af hólmi ræktunarsamning frá 2009 enda hefði hann verið samningur um bætur vegna innköllunar á landi í samræmi við 5. gr. ræktunarsamningsins frá 2009.

Nokkrar umræður spunnust um þessi atriði sem og það hvort vanefndir á samningi frá 2013 gæti leitt til þess að hann félli að hluta eða fullu úr gildi og að samningur frá 2009 öðlaðist við það gildi, m.ö.o. að semja þyrfti upp á nýtt um uppgjör vegna innköllunar lands. Bæjarstjóri ítrekaði andmæli sýn við þessum skilningi hestamanna og fór yfir það að samningurinn frá 2013 hefði verið gerður vegna innköllunar á landi og að þar með hefðu fyrri samningur eðlilega fallið úr gildi, enda kæmi það skýrt fram í samningnum sem og öðrum gögnum málsins. Umræddur samningur hefði verið gerður af bæjarfélaginu og stjórn félagsins og undirritaður af fimm stjórnarmönnum í votta viðurvist

Hestamenn spurðu þá hvort vilji væri hjá sveitarfélaginu til að leggja fram einhverskonar sáttaboð um bætur vegna vanefnda. Bæjarstjóri hafnaði því enda væri það ómöguleiki, hinsvegar væri hann fyrir hönd sveitarfélagsins tilbúinn að hlusta á tillögur og hugmyndir hestamanna um bættu aðstöðu til framtíðar. Nefndi bæjarstjóri hluti eins og mögulega deiliskipulagningu reiðleiða (t.d. með tilliti til styrkhæfis) og breyttra útfærslu beitar svæða. Bæjarstjóri fór einnig yfir mikilvægi þess að horft væri til framtíðar frekar en fortíðar sem og að engum gagnaðist að leiða samskipti aðila í farveg átaka.

Hestamenn fóru yfir öflugt barna og unglíngastarf innan félagsins og að hugur þess stæði til að efla það enn frekar. Í kjölfar þeirrar umræðu var rætt um mikilvægi þess að snjó yrði með reglubundnum hætti rutt af vegi sem liggur til suðurs frá hesthúsasvæðinu. Fram koma hjá deildarstjóra tæknideildar að vegurinn hefði verið ruddur og að vilji væri til að ryðja hann eftir því sem mögulegt væri, fram kom að vegurinn var ruddur nýlega.

Niðurstaða fundar var að félagið muni yfirfara framlagt minnisblað og taka saman lista yfir hugmyndir um atriði sem aðilar gætu unnið saman að með það að markmiði að efla hestamennsku í Fjallabyggð.

Að aflokinni yfirferð minnisblaðs og samantekt hugmynda, sem sendar verða fundarmönnum, verður fundað aftur.

Fundi lauk ca. kl. 14:00